

Frá skólamálanefnd

Priðji aðalfundur Félags grunnskólakennara, haldinn á Selfossi 18.-19. febrúar 2005, ályktar eftirfarandi um samræmd próf í grunnskólum:

Með vaxandi þróun í átt að einstaklingsmiðuðu námi síðustu ár og framtíðarsýn fræðslufirvalda í þá átt hafa samræmd próf ekki þann tilgang og vægi sem þeim var ætlað í upphafi heldur ganga í raun þvert á þá stefnu.

Samræmd próf eru í dag orðin markmið skólastarfs og stýring í stað þess að vera uppbyggilegt mælitæki fyrir áframhaldandi starf. Félag grunnskólakennara leggur áherslu á fjölbreytt námsmat sem nær til margra þátta s.s. þekkingar, skilnings, leikni og framfara. Einnig þarf að meta áhuga, virkni, vinnubrögð og hæfileika til samstarfs. Samræmd próf í núverandi mynd gefa mjög takmarkaða mynd af hæfni nemenda og eru fremur til þess fallin að mismuna þeim. Niðurstöður samræmdra prófa eru oft rangtúlkaðar og jafnvel notaðar til að meta gæði skóla sem hefur aldrei verið markmið þeirra.

Samræmd próf í 4. og 7. bekk leggja óeðlilegar kröfur á nemendur og geta haft mjög neikvæð áhrif á sjálfsmynd þeirra. Samræmd próf í 10. bekk gagnast grunnskólanum ekki og eru í raun orðin inntökupróf í framhaldsskóla. Mun eðlilegra er að framhaldsskólar meti sjálfir hvort nemendur standist inntökuskilyrði. Með niðurfellingu samræmdra prófa má komast hjá því að mikill tími skólastarfs fari í að kenna fyrir prófin eins og nú er gert.

Í stað samræmdra prófa er eðlilegra að leggja áherslu á stöðluð, greinandi stöðupróf sem nemendur geta leyst þegar þeir eru reiðubúnir. Slík próf veita nemandanum betri upplýsingar um stöðu sína og byggja því fremur upp en brjóta niður. Niðurstaða slíkra prófa bætist við annað námsmat sem kennarar leggja fyrir og þannig má meta námsferil nemandans í samhengi og á fjölbreyttan hátt. Markmiðið er að allir nemendur njóti sannmælis með tilliti til hæfileika sinna og þekkingar á mismunandi sviðum.

Aðalfundur Félags grunnskólakennara leggur til við menntamálaráðherra að samræmd próf í núverandi mynd verði lögð niður.